



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 17/2018
Reykjavík, 14. nóvember 2018

Ákvörðun um bann við markaðssetningu og notkun véla.

I. Málavextir

Í tölvubréfi frá Vinnueftirliti ríkisins til fyrirtækisins Go Campers ehf. kt. 500414-0300, dags. 12. apríl 2017, óskaði stofnunin eftir upplýsingum um hvort fyrirtækið hafi flutt inn eða keypt hitunarbúnað í ferðabíla sem fyrirtækið leigir út, af tegundinni Air 2KW Parking Heater frá JP China Trade Int'l Co., LTD, og ef svo væri, fór stofnunin fram á að fá afrit af EB-samræmisýfirlýsingu búnaðarins. Í svari frá fyrirtækinu, dags. 17. apríl 2017, kvaðst það hafa flutt inn umræddan búnað og fylgdi með yfirlýsing um samræmi frá fyrirtækinu ENTE Certificazione Macchine. Vinnueftirlit ríkisins upplýsti Go Campers ehf. með tölvubréfi, dags. 21. ágúst 2017, að fyrirtækið hefði ekki lagt fram gilda EB-samræmisýfirlýsingu og var því veittur aukinn frestur til 1. október 2017 til að leggja fram umbeðin gögn.

Með bréfi dags. 27. febrúar 2018, ítrekaði Vinnueftirlit ríkisins beiðni sína um EB-samræmisýfirlýsingu fyrir búnaðinn og var fyrirtækinu veittur frestur til og með 12. mars 2018, til að leggja fram framangreinda yfirlýsingu. Þann 13. mars 2018 barst Vinnueftirliti ríkisins tölvubréf frá fyrirtækinu með aðgerðaráætlun um hvernig fyrirtækið hugðist bregðast við því að umræddur búnaður uppfyllti ekki reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað. Samkvæmt áætluninni ætlaði fyrirtækið að losa sig við hitunarbúnaðinn og voru áætluð verklok 31. desember 2019.

Með bréfi Vinnueftirlits ríkisins, dags. 18. apríl 2018, til Go Campers ehf. upplýsti stofnunin fyrirtækið um að fyrirliggjandi gögn í málinu uppfylltu ekki skilyrði reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað og í ljósi þess væri ekki fallist á beiðni fyrirtækisins um frest til ársloka 2019 til að skipta út búnaðinum í samræmi við aðgerðaráætlun þess. Í bréfinu var fyrirtækinu veittur frestur, til og með 14. maí 2018, til að koma að andmælum, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, eða koma vélinni í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 1005/2009.

Að beiðni fyrirtækisins var haldinn fundur með fulltrúum Vinnueftirlits ríkisins og fyrirsvarsmönnum Go Campers ehf., þann 30. apríl 2018. Á fundinum upplýstu fulltrúar Vinnueftirlits ríkisins fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins um stöðu mála og farið yfir hvaða lög og reglur ættu við. Í tölvubréfi frá fyrirtækinu þann 3. maí 2018 sendi fyrirtækið nýja aðgerðaráætlun þar sem fram að kom að það ætlaði að vera búið að skipta búnaðinum úr fyrir lok september 2018. Þá ætlaði fyrirtækið í setja gasvælu í bíla með umræddan hitunarbúnað, þar til búnaðinum hefði verið skipt út. Með tölvubréfi Vinnueftirlits ríkisins til fyrirtækisins, dags. 16. maí 2018, veitti stofnunin fyrirtækinu frest til og með 2. október 2018 til að klára skipta búnaðinum út. Tekið var fram í umræddu bréfi að ef fyrirtækið stæði ekki við framangreinda aðgerðaráætlun og Vinnueftirlitinu bærisk ekki tilkynning um verklok innan frestsins gæti komið til þess að Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um bann við markaðssetningu og/eða notkun búnaðarins án frekari fyrirvara.

Í tölvubréfi, dags. 13. nóvember 2018, óskaði Vinnueftirlit eftir upplýsingum um hvort fyrirtækið væri búið að skipta öllum búnaðinum út þar sem engin tilkynning hefði borist stofnuninni. Í svari frá fyrirtækinu, sama dag, kom fram að búið væri að skipta um hitunarbúnað í 30 bílum af tæplega 50.

II. **Niðurstaða**

Hitunarbúnað í ferðabíla af tegundinni Air 2KW Parking Heater sem fyrirtækið keypti af aðila utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og flutti inn til landsins fellur undir reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað. Fyrirtækið Go Campers ehf. telst framleiðandi vélarinnar í skilningi reglugerðarinnar, sbr. i. lið 2. gr., þar sem fyrirtækið flutti vélarnar sjálfst inn til landsins frá landi utan EES.

Samkvæmt e-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað skal framleiðandi, áður en vél er sett á markað og/eða tekin í notkun, semja EB-samræmisyfirlýsingu skv. A-lið 1. hluta II. viðauka reglugerðarinnar og tryggja að yfirlýsingin fylgi vélinni. Í A-lið 1. hluta II. viðauka við reglugerðarinnar eru tiltekin, í 10 tölulíðum, þau atriði sem þurfa að koma fram í EB-samræmisyfirlýsingu fyrir vél.

Ákvæði 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað er svohljóðandi:

Komist Vinnueftirlit ríkisins að því að vél sem fellur undir gildissvið reglugerðar þessarar hafi ranglega verið einkennd með CE-merki, sbr. 13. gr., eða henni fylgir ranglega EB-samræmisyfirlýsing ber framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans að sjá til þess að vélinni verði breytt þannig að hún fullnægi ákvæðum reglugerðar þessarar um CE-merki og EB-samræmisyfirlýsingu.

Þá hljóðar 3. mgr. sömu greinar svo:

Sinni framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans ekki skyldu sinni skv. 2. mgr. eftir að hafa fengið hæfilegan frest til að bæta úr annmörkum skv. 1. mgr. er Vinnueftirliti ríkisins heimilt

að banna markaðssetningu og/eða notkun vélarinnar eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku. Að öðru leyti gildir 48. gr. a laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Framangreindur hitunarbúnaður í ferðabíla er ranglega viðurkenndur, skv. b. lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar, þar sem fullnægjandi EB-samræmisyfirlýsinga vantar fyrir vélarinnar. Þá hefur fyrirtækið ekki komið vélunum í samræmi við kröfur reglugerðarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, kemur fram að óheimilt sé að setja á markað eða taka í notkun tegund véla, tækja eða annars búnaðar sem uppfyllir ekki reglur um öryggi og formskilyrði, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, vottanir, yfirlýsingar um samræmi eða prófunarskýrslur, sem sett eru skv. framangreindum lögum og sérreglum settum á grundvelli þeirra.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. a laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum, er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að banna markaðssetningu og notkun á þeim tegundum véla, tækja eða annars búnaðar sem fullnægja ekki ákvæðum laga þessara, annarra sérreglna sem settar eru á grundvelli þeirra eða viðurkenndra staðla er gilda á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Áður en ákvörðun um bann er tekin skal atvinnurekanda, framleiðanda tegundar eða fulltrúa hans, eftir því sem við á, veittur hæfilegur frestur til að bæta úr annmörkum hennar.

Vinnueftirlit ríkisins sendi fyrst beiðni um EB-samræmisyfirlýsingar til fyrirtækisins í apríl árið 2017 til að sýna fram á að búnaðurinn sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað. Síðan þá hefur Vinnueftirlit ríkisins veitt fyrirtækinu ítrekaða fresti til að koma búnaðinum í samræmi við reglugerðina eða taka hann úr bílum fyrirtækisins. Í tölvubréfi, dags. 16. maí 2018, veitti Vinnueftirlit ríkisins fyrirtækinu aukinn frest til 2. október 2018 til að klára að skipta um búnað í bílum sínum í samræmi við aðgerðaráætlun þess. Fyrirtækið hefur ekki farið eftir þeirri aðgerðaráætlun sem var forsenda þess að fyrirtækinu var veittur aukinn frestur. Liggur því fyrir að fyrirtækið er enn með í bílum sínum hitunarbúnað sem uppfyllir ekki skilyrði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað og er mögulega hættulegur starfsmönnum og öðrum.

III. Ákvörðunarorð

Með vísan til 1. mgr. 48. gr. a laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað, bannar Vinnueftirlit ríkisins markaðssetningu og notkun hitunarbúnaðar í ferðabíla af tegundinni Air 2KW Parking Heater frá JP China Trade Int'l Co., LTD, sem Go Campers ehf. keypti af aðila utan Evrópska efnahagssvæðisins og flutti inn til landsins.

Vinnueftirlit ríkisins